



## Fundargerð

18. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar  
haldinn að Tjarnargötu 12, 15. mars 2023 kl. 14:30

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson,  
Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu.  
Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

Gestir fundarins voru: Viggó Magnússon frá Arkís, Hlynur Jónsson skólastjóri  
Myllubakkaskóla, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Helgi Arnarson sviðsstjóri  
menntasviðs.

\* \* \*

### 1. Myllubakkaskóli

- Viggó Magnússon frá Arkís fór yfir hönnun og efnisval á utanhússklæðningu fyrir Myllubakkaskóla. Tillaga Arkís að utanhússklæðningu samþykkt.
- Hlynur Jónsson skólastjóri Myllubakkaskóla fór yfir stöðuna í skólanum. Á undanförunum vikum hafa nokkrir starfsmenn og nemendur í A-álmú fundið fyrir einkennum. Farið var í allsherjarþrif á húsnæðinu, bætt við lofthreinsitækjum og fenginn sérfræðingur til að taka út húsnæðið. Beðið er eftir sérfræðingi til að stilla loftræstikerfið. Tekin hafa verið sýni og er beðið eftir niðurstöðum, þegar þær eru komnar verður tekin ákvörðun um framhaldið.

### 2. Njarðvíkurskóli / Björkin

Farið yfir niðurstöður vettvangsskoðunar.

### 3. Heiðarsel

Farið yfir niðurstöður vettvangsskoðunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 30. mars kl. 14:30.